

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 20. nóvember 2020  
UST202011-073/Í.M.J.  
08.12.00

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matskyldufyrirspurn – breyting á eldissvæði og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða hf. í Fáskrúðsfirði**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 2. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Framkvæmdarlýsing**

Fiskeldi Austfjarða hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að óska eftir breytingu á skilyrðum starfsleyfis sjókvíaeldis fyrirtækisins í Fáskrúðsfirði þar sem útsetningaráætlun og eldissvæði er endurskoðuð auk þess sem rekstraraðili fyrirhugar að stunda alfarið eldi á frjóum laxi í samræmi við uppfært áhættumat fyrir Fáskrúðsfjörð.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á staðsetningu eldissvæða í firðinum þannig að eftir breytingar verði tvö svæði í firðinum sunnanverðum og eitt í firðinum norðanverðum. Eldissvæði við Æðasker verður lagt af, svæði við Höfðahúsbót verður hliðrað og stækkað, svæði við Eyri/Fögrueyri verður hliðrað og nýju eldissvæði, Einstigi, komið fyrir þar austan við. Fram kemur í greinargerð að heildarflatarmál eldissvæðisins mun aukast um 19,6% með breytingunni úr 2,76 km<sup>2</sup> í 3,3 km<sup>2</sup>.

Í öðru lagi er um að ræða breytingu á útsetningaráætlun eldisins þar sem seiði verða sett út á hverju ári í stað þriðja hvers árs. Þar af leiðandi verða jafnaði tvær kynslóðir í firðinum en þrjár meðan verið er að ljúka slátrun á elstu kynslóð hverju sinni. Þannig verða tvö eldissvæði að jafnaði í notkun og það þriðja hvílt. Í nágildandi starfsleyfi er heimilt að ala eina kynslóð í einu og er fjörðurinn hvíldur í 9-12 mánuði á milli kynslóða.

Í þriðja lagi er fyrirhugar rekstraraðili að ala einungis frjóan lax í firðinum en í nágildandi starfsleyfi er leyfi fyrir 6.000 tonna framleiðslu af frjóum laxi en hámarkslífmassi má ekki fara yfir 11.000 tonn hverju sinni. Í fyrra mati á umhverfisáhrifum var gert ráð fyrir eldi á 11.000 tonna framleiðslu á frjóum laxi og er gert ráð fyrir að hámarkslífmassi hverju sinni verði óbreyttur með breytingunni. Umhverfisstofnun minnir á að sækja þarf um breytingu á núverandi starfsleyfi vegna fyrirhugaðra breytinga á starfseminni.

### Umhverfisáhrif framkvæmdar

Fram kemur í greinargerð að með breytingu á staðsetningu muni álagið færast utar í fjörðinn og minni hætta verður á að úrgangur berist inn í fjörðinn þar sem straumar liggja út sunnan megin í firðinum. Gert er ráð fyrir að fódurnotkun muni minnka með breytingunni og mun hvíldartími eldissvæði haldast sá sami þar sem eitt svæði verður hvílt hverju sinni.

Í greinargerð er tekið fram að fjaran á Sævarendaströnd, sem liggur við núverandi eldissvæði að Eyri/Fögrueyri, hefur verið tilnefnd til skráningar á B-hluta náttúruminjaskrár vegna klóþangsfjöruvistgerðar sem þar ríkir. Með tilfærslu eldissvæðisins austar mun skörunin við Sævarendaströnd verða minni.

Niðurstaða greinargerðar er að með breytingunni muni umhverfisálag vegna starfseminnar minnka. Umhverfisstofnun telur að sú breyting sem fyrirhuguð er muni ekki koma til með að hafa neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til. Stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir starfseminni og hefur eftirlit með henni m.t.t. áhrifa hennar á umhverfi.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfalli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegri tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram það sem lýst var í upphaflegu umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur